

um frumv. til laga um vörugjald.

Um leið og nefndin, sem háttvirt deild fól frumv. þetta til ihugunar, skilar því deildinni, ásamt nokkrum breytingartillögum, lætur hún því fylgja þessar athugasemdir.

Auk lotterifrumv., sem nefndin þegar hefir afgreitt, voru henni falin til ihugunar 5 frumv., er miða til tekjuauka landssjóði, og eftir ítarlegan samanburð og ihugun hefir meiri hluti nefndarinnar tekið þetta frumv. fram yfir hin, og telur það, með nokkrum breytingum, heppilegast til þess að verða að lögum. Og með því að þingtími er mjög hlaupinn, lætur meiri hlutinn sitja fyrir að koma því á framfæri, áður en nefndin skilar álitinu sínu um hin önnur frumvörp og um fjárhaginn.

Meiri hlutinn er einhuga á því, að lágur verðtollur á flestar eða allar aðfluttar vörur sje hinn sanngjarnasti tollur, sem á verði lagður, og hann hefir eigi heyrt því mótmælt, nema af örfáum. Þar á móti hefir hinu verið haldið fram aðallega, að gjaldið væri örðugt til innheimtu tollheimtumönnum, sakir þess, hve örðugt væri að fá tryggileg gögn eða umsagnir um tollstofninn (vöruverðið), og þess vegna auðvelt að vikja sjer undan gjaldinu.

Meiri hlutinn vill nú í örstuttu máli bera saman vörugjald þetta við hinar helstu tekjuaukatillögur, sem nefndin hefir til meðferðar og ekki geta komið til mála samhliða. Er þar þá:

1. Tollur á vefnaðarvöru og tilbúnum fatnaði.

Þar var nefndin sammála um, að sú tillaga þyldi engau samanburð við alment gjald á aðfluttum vörum, hvort heldur sem væri eftir verði eða þunga. Fyrst og fremst nær tekjuaukinn netto af frumv. þessu ekki nema á hálfu leið á móts við alment vörugjald og þyngir því vörunni mjög tilfinnanlega. Því næst er í frv. fólgin hrein tollverndarstefna, og er það eitt nóg sumum nefndarmönnum, til þess að vera því fráhverfir. Því er það skoðun nefndarinnar, að hin ráðgerða tollgæsla sje alls ónóg, til þess meðal annars að skilja úr sjerstakan vöruflokk, afar fjölbreyttan, sem verið getur á víð og dreif, innan um aðrar vörur, bæði í niðurpökkuninni og á vöruveikningum. Hefir hingað til verið forðast, að stofna til þess hjer á landi, að hafa fjölment tollgæslulið, sem sökum staðhátta yrði óhemju dýrt. Og það vill nefndin öll halda fast við. Loks er það, að þrátt fyrir sjerstaka tollgæslu, og hana dýra, má ganga að visu um, að litlu minni undandráttur yrði í framtali þessara vara, hlutfallslega, til tollgjalds, þegar tollurinn er 10%, heldur en til almenns vörugjalds 3%, þótt litlu meira sje til kostað tollheimtunar, en nú er. Nánara verður ekki í þetta atriði farið að sinni

2. Farmgjald

eða »almennt verslunargjald af aðfluttum vörum«, eftir þyngd. Það hefir nú orðið að samkomulagi í nefndinni, að frumv. þetta kæmi fram fyrir deildina jafnframt vörugjaldsfrumvarpinu með rökstuddu álitinu minnihlutans, Björns Kristjánssonar, og hefir það álit verið lesið upp fyrir nefndinni allri. Ef til vill væru sumir feiri í nefndinni ekki fráhverfir lágu farmgjaldi, sem þrautatilraun til bráðabirgða,

ef vörugjaldsfrumv. eigi gæti fengið framgang á þinginu, því þar er nefndin sam-
huga um, að ná verði tekjum handa landssjóði með einhverju móti. En þótt
frumv. þetta sje mun aðgengilegra, en farmgjaldsfrumv. á þinginu 1909 og marg-
falt betur undirbúið, þá verður með þungagjaldsaðferðinni aldrei hjá því sneitt,
að fyrst og fremst hvíli gjaldið á þeim vörum aðallega, sem eru óhjákvæmilegar
nauðsynjavörur, en lítið og varla teljandi á sumum hinna, sem eru óþarfari og
menn geta án verið. Sje gjaldið svo hátt, að það jafngildi verðtollinum, þá er
það afar tilfinnanlegt á sumum einstökum vörum, eins og meðfylgjandi skýrsla
sýnir. — Því verður ekki neitað, að minni hættu virðist á um innheimtu á þessu
gjaldi en verðtollinum. En sá munur er ekki eins mikill, og minnihlutinn gerir
ráð fyrir. Hann telur skipaskjöl því nær óræk sönnunargögn, og gengur framhjá
þeim möguleika, að falska má þau í svipaða átt og faktúrur, ef lundlægningin er frek
til þess, og munar þar minnu en hann heldur. Þá heldur hann því fram, að
tollgæsla fljóti af vöruverðstollinum litlu eða engu minni, en af iðnaðarvörotulli,
og þó verði vanhöld meiri en á þungagjaldinu. Með þessu móti, að skakka til
á báðar hliðar, verður munurinn á þungatolli og verðmætistolli geysimikill. En
meiri hlutinn telur þetta ófgar, sem vaða uppi hjá þeim, sem lengi hafa haldið á
móti almennu vörugjaldi eftir verðmæti, og mál sje að hrekja með reynslu. Vita-
skuld er það spádómur, hve mikið eða lítið verslunarstjett landsins notar sjer
möguleikann til að stela undan þessu gjaldi, og enginn þrætir þess, að möguleik-
arnir eru til. En reynslan hefir sýnt, að öll meginverslun landsins er og hefir
verið í höndum þeirra manna, sem ekki vilja gefa fólks samvisku og drengskapar-
vottorð. Og þetta varðar mestu í þessu máli. Kaupreikningar (faktúrur), sem
gjaldið byggist á, verða þar meira til hliðsjónar, þótt þeir í orði kveðnu sjeu
aðal sönnunargagnið. Eú ekki er það glögt auga, sem ekki aðgætir fljótt, ef kaup-
reikningur er falsaður til stórra muna og á meginvörum, og með tíma og æfingu
venjast augu tollheimtumanna á að lita skarpara eftir. Fáir munu líka vinna svo
mikið til tollsvika á lágu gjaldi, að falska verslunarbækur sínar, svo að þær komi
heim við stórfalsaðar faktúrur, enda varðar það svo þungri hegningu, að fáir
mundu vilja á það hætta. Loks er það, að þeir sem engan undandrätt hafa, og
þeir verða í miklum meiri hluta, geta orðið hinum skeinuhættir út af tollsvikum.
Þess vegna hefir raunar hver maður, som toll svikur til stórra muna hjer á landi,
hangandi hníf yfir höfði.

Eitt, sem fundið er að, er þetta, að kaupmenn leggi fram kaupreikninga
sína. En í þeim sje fólgin leyndardómur kaupmannanna, sem hvern einn varði
mikils, að eigi sje upp ljóstað. Hjer er sjálfsagt að gjalda verður varhuga við
með ströngu þagnarheiti tollheimtumanns, og leggur því nefndin til, að þar sem
lögreglustjórar eigi innheimta sjálfir, hafi þeir löggilta og eiðsvarna umboðsmenn,
sem trúandi sje fyrir þagnarskyldu. Enda er slik skylda einnig eftir nógildandi
tolllögum.

Borið hefir því verið við, að sá galli væri á almennum vörotulli (og tek-
ur það jafnvel til þungatolls), að kaupmenn legðu gjaldið á vörurnar eftir sínu
höfði og miður haganlega. Nefndin fjekk kaupmannaráðið hjer í Reykjavík til
tals við sig um þessi toll-mál, og fjekk ýmsar upplýsingar; þar á meðal einróma
álit þess um það, að kaupmenn hlytu að leggja almennan vörotoll mun vægileg-
an á helstu nauðsynjavörur, en á aðrar vörur, og þokast það þá til einmitt þeim
í hag, sem minna hafa gjaldþoldið.

Ein mótbára er sú, að örðugt verði t. d. hjer í Reykjavík, að athugu

vandlega mikið yfir 100 faktúrur, sem komi með sama skipi, eða sama daginn. Satt mun það. En þegar til Reykjavíkur flytst hátt á 4. milljón í vörum, og tollheimtulaun öll hjer mnndu alls nema riflegustu embættislaunum, ætti lög-reglustjórinn að geta tekið valinn manni til tollheimtunnar, og sá hinn sami jafn-vel að taka sjer aðstoðarmenn í viðlögum.

Þá hefir sá galli verið talinn á frumv. um vörugjald, að það væri ekki nógu ítarlegt. Úr þessu vill nefndin bæta með ýmsum ítarlegri ákvæðum. Enn-fremur þótti mörgum hart, að sæta skyldi kyrsetningu á vöru um langan tíma, ef kaupreikning vantaði, hversu sem atvik lægju til. Úr þessu vill nefndin bæta með því, að viðtakandi vöru geti þegar í stað leyst löghald af vörunni með því, að setja tryggingu fyrir nægilegri tollgreiðslu. Til kyrsetningar kemur þá ekki í reyndinni, nema hún sje alveg nauðsynlegt þvingunarmeðal gagnvart vanskila-manni eða tollbrjót.

Nokkur ágreiningur hefir orðið á meðal nefndarmanna um það, hvort leggja skyldi til grnndvallar vörugjaldinu innkaupsverðið einungis, að umbúðar-verði meðtöldu, eða innkaupsverðið að viðbættum kostnaði erlendis og flutnings-kostnaði. Varð hið fyr talda ofan á.

Þá þótti nefndinni skýrara, að nefna gjaldið verðtoll en vörugjald.

Sökum tímaskoris og annara sjerstakra atvika, lasleika nefndarskrifarans, lætur nefndin nánari athugasemdir um hinar einstöku breytingartillögur biða framsögunnar.

Alþingi 9. ágúst 1912.

Eggert Pálsson,
formaður.

Lárus Bjarnason.

Bjarni Jónsson frá Vogu.

Pjetur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Jón Ólafsson.

Valtýr Guðmundsson.
með fyrirvara.